FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 19. janúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Áfengislausir bjórar rjúka upp í sölu og framleiðslan hefur aukist mikið.

Áfengislaus lífsstíll í tísku

elin@frettabladid.is

Mikil aukning hefur verið í sölu á áfengislausum bjór í Noregi. Á síðasta ári jókst salan um 12,2 prósent. Á síðustu fimm árum hefur salan tvöfaldast, fór úr 490 þúsund lítrum árið 2017 í 940 þúsund lítra árið 2022. Þetta ber vott um lífsstílsbreytingu fólks, sérstaklega þeirra yngri. Svipað hefur verið upp á teningnum hér á landi. Fleiri og fleiri velja áfengislausan lífsstíl. Könnun sem gerð er af UNG2023 í Noregi sýnir að 27prósent ungs fólks velja nú frekar áfengislausa drykki.

Tvítug norsk stúlka greinir frá því í netmiðli VG að hún hafi ákveðið að leggja áfengið á hilluna og taka upp áfengislausan lífsstíl. Hún segist hafa rekið sig á skilningsleysi hjá félögunum og þess vegna hefur hún verið að taka upp fyrir TikTok þar sem hún sýnir að vel er hægt að skemmta sér án áfengis. Því hefur verið vel tekið. Foreldrar hafa skrifað við færslur hennar og þakkað fyrir innleggið.

Núll prósent vinsælir drykkir

Áfengislausir drykkir hafa orðið að tískuvöru, bæði í Noregi og annars staðar í heiminum, segir vörustjóri í norsku vínbúðinni Vinmonopolet við VG. Janúar hefur reyndar verið áfengislaus mánuður hjá mörgum undanfarin ár eftir áramótaheit.

Aukning á sölu áfengislausra drykkja er þó yfir allt árið og framleiðendur hafa brugðist við með auknu úrvali. ■

Sylvía Erla Melsteð gaf út sína fyrstu barnabók 2021 um lesblinda hundinn Oreo og hefur fylgt henni eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elti ekki tískustrauma

Sylvía Erla Melsteð er með eigin fatastíl sem tekið er eftir og er ótrúlega hæfileikarík á mörgum sviðum. Undanfarin ár hefur hún látið gott af sér leiða til samfélagsins auk þess sem hún hefur gefið út tónlist, heimildarmynd og bækur.

sjofn@frettabladid.is

Sylvía Erla brennur fyrir því að finna lausn fyrir þá sem hafa ekkert bakland og vantar aðstoð í skólakerfinu. Þessa dagana er hún að þróa forrit sem heitir AskStudy sem vonandi á eftir að vera regnhlíf sem nemendur geta gripið í til að fá aðstoð.

Sylvía kláraði BS í viðskiptafræði í fyrra, ásamt því að vinna í fjölmörgum verkefnum samhliða því. „Ég hef verið að vinna í að gera meiri tónlist sem ég hlakka til að gefa út.

Ég gerði ásamt Sagafilm og hópi af frábæru fólki heimildarmyndina Lesblinda sem var sýnd á RÚV 2021. Í framhaldi af myndinni hef ég haldið fyrirlestra í skólum um lesblindu og þrautseigju. Þetta er mjög skemmtilegt því að þetta eru frábærir og kurteisir krakkar sem ég hlakka til að fylgjast með þegar þau breyta heiminum til góðs," segir Sylvía.

Sylvía gaf út sína fyrstu barnabók 2021 um lesblinda hundinn Oreo. „Síðastliðið haust fórum við Oreo í skipulagsátak með Hagkaup og Morgunblaðinu. Átakið fólst í því að efla lestur, gera lærdóm/heimanám skemmtilegt, hvetja krakka til að hreyfa sig, fara fyrr að sofa, hrósa öðrum og sjálfum sér, og ekki síst að hvetja þau til að minnka skjánotkun. Markmiðið var einnig að gera krakkana sjálfstæðari með því að þau skipuleggi sig sjálf. Þannig varð Skipulagsbókin mín til en þar fá krakkar stig fyrir að fylgja skipulagi sínu samkvæmt ofangreindum markmiðum. Einnig er komin »

» Oreo bangsi sem er hannaður þannig að krakkar geti lesið fyrir hann og fyrir jólin kom Oreo vatnsbrúsi og Oreo buff.“

Sylvía segir að skólakerfið sé sett upp þannig að það henti ekki öllum. „Þegar ég fór í háskóla fékk ég að láta ljós mitt skína í námi með því að fara í flest prófin munnlega. Mér hefur alltaf þótt erfitt í þessum skriflegu prófum þar sem ég er lesblind. Allt of mikil orka fer í að hugsa hvernig ég eigi að skrifa og stafsetja rétt. Ég verð aldrei góð í stafsetningu,“ segir Sylvía hlæjandi. Sylvíu finnst þurfa að aðlaga skólakerfið að breytingum í heiminum.

Hversdagslegi stíllinn minn er frekar einfaldur og fer alveg eftir dögum hvernig hann er.

„Í desember 2022 gaf Evrópusambandið út skýrslu sem segir að árið 2023 yrði „Year of Skills“. Hugmyndafræði þar sem krafist er að horft verið meira á hæfni hvers einstaklings og möguleika sem í honum búa frekar en prófgráður og fyrri reynslu. Ég held að skólakerfið okkar sé ekki byggt upp á þessari hugmyndafræði. Við erum að missa of marga nemendur vegna þess að þeir passa ekki inn í kassann sem skólakerfið er, og við sem samfélag höfum ekki efni á missa þessa nemendur út úr skólakerfinu. Ég hefði svo auðveldlega geta gefist upp ef ég hefði ekki haft það bakland sem ég hafði,“ segir hún.

Á mér draum

„Ég held að við sem samfélag þurfum að hugsa hvað við getum gert. Ég er að þróa vettvang fyrir fólk þar sem það getur aðstoðað. Síðan er gamla góða aðferðin að spyrja: „Get ég aðstoðað?“

Það er alltaf hægt að líta í kringum sig hvort hægt sé að hjálpa til við heimanám í fjölskyldunni, hjá vinum barna ykkar, í götunni hjá þér, í sveitarfélaginu. Sumir foreldrar þurfa að lesa allt námsefni upp fyrir börnin sín nokkrum sinnum, allur frítími fer í að læra með börnum. Í skýrslu um brottfall úr íslenskum framhaldsskólum frá Velferðarnefnd kemur fram að brotthvarf úr framhaldsskólum sé birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku samfélagi og við sem samfélag eigum ekki að sætta okkur við það. Ég á mér draum um að sem flestir komi að þessu verkefni, ríkið, menntastofnanir, skólar, kennara, nemendur á öllum stigum og foreldrar taka þátt til að við getum búið til forrit og notað það til að það nýtist samfélaginu okkar sem best. Með Ask Study höfum við samfélagið tækifæri til að hjálpa til við að aðstoða hvert annað og leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að hjálpa þeim sem vantar aðstoð.

Allir hafa skoðanir á menntakerfinu en mig langar að skapa verkfæri sem allir geta nýtt sér og sýnt viljann í verki.“ Þegar við lokum umræðunni um drauma Sylvíu segir hún mikilvægt að láta þá rætast. „Láttu drauma rætast og gerðu þá að veruleika, ekki hafa þá sem bara draum, það er aldrei of seint. Lesblinda er engin hindrun, þú getur allt sem þú ætlar þér.“

Gulur uppáhaldsliturinn

Sylvía hefur alltaf haft sjálfstæðar og sterkar skoðanir, líka þegar kemur að eigin stíl. „Hversdagslegi stíllinn minn er frekar einfaldur og fer alveg eftir dögum hvernig hann er. Ég vel alltaf föt þegar ég vakna og fer eftir hvernig mér líður þennan dag og veðrinu. Ég hef alltaf verið rosalega hrifin af höttum og á mikið af þeim. Ég elska jarðliti og svartan, en á milli er ég rosalega hrifin af gulum. Gulur er uppáhaldsliturinn minn. Stíllinn að koma fram á sviði fer meira út í öfga og ég elska að vera í einhverju öðruvísi og leika mér þannig með fötin og með skemmtilegum farða.“

Ákveðin snið heilla Sylvíu. „Snið sem eru þröng í mittinu heilla mig. Einnig er ég rosalega hrifin af rúllukragapeysum núna og í fyrra.

Spurð segist Sylvía ekki eiga sér neina uppáhaldsflík. „Reyndar ekki uppáhaldsflík en ég er mjög hrifin af yfirhöfnum. Mér þykir náttúrlega mest vænt um þær flíkur sem ég hef fengið frá ömmum mínum, Erlu og Völu.“

Sylvía segist eiga sinn uppáhaldshönnuð, Riccardo Tisci, en hún fylgi í raun ekki tískustraumum og hafi aldrei gert. „Ég elska jarðliti, grænan, brúnan, beige og svartan. En út af því að ég er með blágræn augu, þá er mjög gaman að klæðast alveg bláu og síðan alveg grænu því augnliturinn breytist. Sem dæmi; ef ég er í bláu þá verða augun alveg blá, í grænu verða þau græn.“

Elska pinnahæla

Þegar kemur að skótískunni þá eru það hælaskór. „Ég elska hælaskó. Ég hef safnað þeim síðan ég var lítil, þá erum við að tala um pinnahælaskó. Það er því miður ekki oft tækifæri að nota þá á Íslandi,“ segir Sylvía.

Fylgihlutir eru eitthvað sem Sylvía er ekki að missa sig yfir. „Ég er sérstök með þetta, ég er eiginlega aldrei með skartgripi. Það er ekki oft sem fólk sér mig með eyrnalokka, hringi, armbönd eða hálsmen og hvað þá úr, það gerist aldrei. Það er eitt hálsmen sem mamma keypti á fimm dollara sem er vinahálsmenið okkar, ég nota það mest.“ ■

Sylvía, töff að vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fallegur klæðnaðir við flest tilefni.

Glæsileg kápa sem er jafnframt hlý og góð í vetrarkuldanum.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

YEST/YESTA mokkavesti
Stærðir 36-54
Verð 13.980 kr

ES&SY Stella rúllukragapeysa
Fæst líka í vínrauðu
Stærðir 40-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Sylvana skyrta
Stærðir 40-46
Verð 6.980 kr

YESTA Bernardine síð skyrta
Fæst líka í Army
Stærðir 46-52
Verð 12.980 kr

ES&SY Sofie rúllukragapeysa
Stærðir 36-46
Verð 9.980 kr

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic Que

ES&SY Una kvartermabolur
Fleiri litir til
Stærðir 36-46
Verð 6.980 kr

ES&SY Roxy skyrta
Stærðir 36-46
Verð 9.980 kr

ZE ZE Cruz stuttermakjóll
Fæst líka í bleiku
Stærðir 36-48
Verð 12.990 kr

Yest/YestA gallabuxur
Fleiri litir til
Stærðir 36-52
Verð 14.980 kr

ZE ZE Shape2 buxur
Fleiri litir til
Stærðir 34-48
Verð 10.990 kr

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN tamaris HABELLA Jana

FRANDSEN vetrarúlpa
með ekta skinni
Stærðir 38-54
Verð 52.980 kr

FRANDSEN síð úlpa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð 33.980 kr

JANA lakk ökklaskór Croco
Stærðir 37-42
Verð 19.990 kr

JANA ökklaskór
Fást líka lakk
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr

YIWU Danley flísfóðruð húfa
Margir litir til
Verð 4.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

FOR STÖÐU MAÐUR KIRKJUBÆJARSTOFU

Kirkjubæjarstofa auglýsir stöðu forstöðumanns lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 1. mars 2023. Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur er rannsókna- og fræðasetur á sviði náttúrufars, sögu og menningar. Starfsemi á Kirkjubæjarstofu hefur verið af ýmsu tagi og mörg verkefni verið unnin í nafni stofnunarinnar frá því hún var stofnuð 1997.

Forstöðumaður ber m.a. ábyrgð á:

- öflun styrkja úr samkeppnissjóðum og utanumhald um styrkumsóknir,
- stefnumótun og útfærslu á starfsemi Kirkjubæjarstofu,
- fjármálum og rekstri,
- þróun samstarfsverkefna,
- starfsmannamálum,
- tengslum við innlenda og erlenda aðila.

Hæfniskröfur:

- háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi,
- reynsla af stjórnun og stefnumótun,
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- leiðtogahæfileikar og góð samskiptahæfni
- gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

Kirkjubæjarklaustur er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa 680 íbúar.
Á Klaustri eru leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjölbreytt íþróttaiðkun fyrir börn er í boði. Á staðnum er íþróttahús og góð sundlaug.
Náttúrufegurð er einstök og afar góð aðstaða til útivistar og er veðursæld mikil.
Íbúð fylgir á staðnum ef þörf er á.
Launakjör eru samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar

Auður Guðbjörnsdóttir, stjórnarformaður
netfang: audur@klaustur.is, sími: 846 2770. Með umsókn skal fylgja kynningarbréf auk yfirlits um námsferil og fyrri störf (CV). Umsóknir skulu merktar „Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu“ og berast á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Umsóknir sendast á ekj@klaustur.is

klaustur.is

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

DYRASÍMAR WIFI-NET
SJÓNVARP Uppsetning - viðhald
Rafeindameistarinn ehf 777-4944

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

gottcbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vörðuskóli – endurnýjun glugga og þaka,** útboð nr. 15716

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF